

**2. gr.****3. gr. orðist þannig:****Bryggjugjöld.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

**3. gr.****5. gr. orðist þannig:**

Hafnsöngugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 4.185.00 fyrir hvert skip, auk kr. 10.50 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögunum, greiða kr. 910.00 í hafnsögu-sjóð.

**4. gr.**

Gjöld samkvæmt vörugjaldsskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 160 4. apríl 1978.

*Samgönguráðuneytið, 30. janúar 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

**S A M Þ Y K K T**

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Seltjarnarnes,  
nr. 175 4. apríl 1977.**

**1. gr.**

Á eftir 34. gr. komi ný grein, 35. gr., svohljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Ökuhraði í bænum ákvarðast af almennum ákvæðum umferðarlaga. Hámarkshraði á Norðurströnd og Suðurströnd skal þó vera 60 km á klst.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. janúar 1979.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

**um hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík.**

Ráðuneytið hefur staðfest hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík fyrir árið 1979. Mun leigan nema kr. 2.000— pr. tunnu og gildir fyrir árið 1979.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. janúar 1979.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971 um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.**

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.130% (0.130 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar. Þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði:	Minnst	44.38 kr/m <sup>3</sup>	en	mest	57.70 kr á m <sup>3</sup>
Vörugeymslur:	—	33.40	—	—	66.80 — — —
Aðrar byggingar:	—	44.38	—	—	66.80 — — —

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 6.030 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera kr. 34.20 á hvern rúmmeter vatns.